

## AÐALFUNDUR MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2023 – Útdráttur úr fundargerð

Aðalfundur Félags Myndlistaskólans í Reykjavík haldinn mánudaginn 30. október 2023 kl.17.00 í Móðelsal skólans á 2. hæð JL-hússins, Hringbraut 121, Reykjavík.

Skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, Áslaug Thorlacius, setur fundinn og ber upp tillögur um fundarstjóra, Benedikt Ólafsson og fundarritara, Hafdís Helgadóttur og voru þau samþykkt samhljóða.

### DAGSKRÁ

Aðalfundur 2023 fjallar um nýliðið skólaár, 2022-2023.

1. Skýrsla skólastjóra og framkvæmdastjóra Myndlistaskólans í Reykjavík ses yfir liðið starfsár.
2. Fjármálastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík ses. gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga Félags Myndlistaskólans í Reykjavík samkvæmt 3. gr. félagslaga.
4. Kosning stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík ses. samkvæmt 7. gr. skipulagsskrár sjálfseignastofnunarinnar.
5. Lagabreytingar.
6. Önnur mál.

Fundarstjóri lýsir fundinn lögmætan m.v. fjölda mættra fundarmanna en tekur fram að tveir fundarmanna séu ekki meðlimir í Félagi Myndlistaskólans og hafi þ.a.l. ekki atkvæðisrétt á fundinum.

### 1. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Flutningsmaður skýrslu: Áslaug Thorlacius

Að loknum lestri skýrslunnar veur Áslaug athygli á því að skýrslur allra deilda skólans séu í prentaðri ársskýrslu skólans 2022-2023, eintök liggja frammi á þessum fundi og ársskýrslan sé einnig á vef skólans.

### 2. ÁRSREIKNINGUR (aðgengilegur í rafrænu formi á vef skólans)

Fjármálastjóri Myndlistaskólans, Steingerður Hreinsdóttir, kynnir ársreikning.

Steingerður segir eigin fjárstöðu skólans góða, framtíðin virðist björt og hægt sé að reka skólann á hagkvæman hátt. Eignir Myndlistaskólans í Reykjavík séu umtalsverðar, húsið sem metið er á 179.000.000 krónur, hafi til að mynda, fengið tilboð upp á 750.000.000. Ársreikningur verði aðgengilegur á vef skólans.

Fundarstjóri veur nú athygli á því, að hafi fundarmenn spurningar um fjárhag skólans þá svari stjórn skólans slíkum spurningum á félags- og aðalfundum.

Umræður hefjast og víxlást á spurningar og athugasemdir fundarmanna og svör skólastjóra og stjórnarmanna. Spurningar varða fjárhag og athugasemdir við þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, hvort haga hefði mátt þeim á annan hátt, taka lán eða fá yfirdráttarheimild, minnka starfsemi skólans, safna í sjóð. Hvort nauðsynlegt hafi verið að færa fjárhagsvanda skólans yfir á laun stundakennara. Að verið sé að tapa margra ára kennarareynslu með því að kennarar séu að hætta kennslu við skólann.

Í svörum skólastjóra kemur fram að tap nemi tæplega 3 milljónum og frekara tap stefni skólanum í gjaldprot „við verðum að eiga fyrir rekstrinum því við eigum engan sjóð“. Ekki sé verið að lækka laun kennara, eingöngu fækka þeim stundum sem þeir eru ráðnir til að vinna. Ná verði utan um reksturinn eða hætta með skólann, ekki hafi tekist að safna í sjóð, samningar við ríki og borg hafi haldist óbreyttir um langan tíma og verið óverðtryggðir.

### 3. KOSNING STJÓRNAR OG SKOÐUNARMANNA REIKNINGA FÉLAGS MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Fundarstjóri lýsir því að kjósa þurfi 5 í stjórn félags Myndlistaskólans þar sem stjórn sé aðeins kosin tile ins árs og allir fráfarandi stjórnarmenn hafi lýst yfir að þeir hyggist ekki starfa áfram.

Í stjórn félagsins voru: Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Guðný Rúnarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Valur Brynjar Antonsson og Anna Cynthia Leplar

Áður en kosning hefst les fundarstjóri bréf frá einum stjórnarmanna, Sigtryggi Baldurssyni.

Að loknum lestri bréfsins gerir fundarstjóri grein fyrir því að stjórn skólans fari með stjórn og fjármál skólans, stjórn félagsins hafi ekki aðkomu að stjórnun skólans en geti óskað eftir upplýsingum varðandi fjárreiður skólans.

Fundarstjóri lýsir eftir framboðum í 5 manna stjórn félagsins og spyr hvort einhverjir gefi kost á sér.

- Enginn gefur kost á sér.

Skólastjóri segir kosningu skoðunarmanna hafi verið hætt vegna aðkomu endurskoðanda en fundarstjóri segir það í lögum að kjósa eigi skoðunarmenn og les upp lög skólans um kosninguna.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að fresta kosningum til stjórnar félagsins og varamanna til 20. nóvember á sama stað og sama tíma.

- Tillaga samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri ber upp til samþykkis tillögur um nýja félagsmenn: Edda Kristín Sigurjónsdóttir, Sigmundur Páll Freysteinnsson, Silfrún Una Guðlaugsdóttir, Þóra Breiðfjörð, Eva-Charlotte Hänsel, Steingerður Hreinsdóttir, Debbie Bergsson, Yuri Buhai, Maryana Buhai, Jóhanna Ásgeirsdóttir

- Samþykkt samhljóða

### 4. KOSNING STJÓRNAR MYNDLISTASKÓLANS

Í stjórn skólans eru: Bjarni Hinriksson, formaður, Elsa Dóróthea Gísladóttir, meðstjórnandi, Erlendur Hjaltason, meðstjórnandi, Logi Bjarnason, varamaður.

Fundarstjóri kynnir hvernig kosning í stjórn skólans fer fram og segir jafnframt að Elsa Dóróthea hætti í stjórn, Ingibjörg sé þegar farin úr stjórn og því þurfi á þessum fundi að kjósa 2 varamenn til eins árs. Að ári liðnu verði ný stjórn kosin. Eitt framboð hefur borist frá Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur og lýst er eftir fleiri framboðum.

Fundarstjóri lýsir tilöggunni um að kosningu stjórnar og varamanna verði frestað og leggur fyrir fundinn.

- Samþykkt samhljóða.

Ólöf Bóadóttir tekur að sér að semja netpóst til félagsmanna með upplýsingum um framboð til beggja stjórnara.

## 5. LAGABREYTINGAR

Engar

## 6. ÖNNUR MÁL

Undir liðnum var rætt um verklagsreglur varðandi ráðningar við skólann og samskipti milli stjórnenda og kennara.

Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir las upp bréf sem hún sagði skrifað fyrir hönd stundakennara. Í kjölfarið fylgdu umræður um laun og gæði skólastarfsins.

Þar sem ekki tókst að kjósa í allar stjórnir var fundi frestað til 20. nóvember 2023.

Viðstaddir: Anna Sigurðardóttir, Björg Elín Pálsdóttir, Berglind Erna Tryggvadóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir, Katrín V Karlsdóttir, Yean Fee Quay, Ólöf Bóadóttir, Halla Kjartansdóttir, Eygló Harðardóttir, Elísabet Brynhildardóttir, Einar Garibaldi Eiríksson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Haraldur Jónsson, María Sjöfn Dupuis, Tara Njála Ingvarsdóttir, Sigurlaug Lövdahl, Halldór Baldursson, Linda Ólafsdóttir, Cindy Leplar, Jóhanna Ásgeirsdóttir, Elsa D Gísladóttir, Kristinn Guðbrandur Harðarson, Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir, Erlendur Hjaltason, Sigmundur Páll Freysteinnsson, Logi Bjarnason, Áslaug Thorlacius, Hafdís Helgadóttir, Valur Brynjar Antonsson, Sigurjón Gunnarsson, Jón B K Ransu, Steingerður Hreinsdóttir, Selma Hreggviðsdóttir, Bjarni Hinriksson var á fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Benedikt Ólafsson lögmaður stýrði fundi.